



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

SKOÐUN VIÐSKIPTARÁÐS 17. FEBRÚAR 2009

ENDURREISN Í SAMSTARFI VIÐ ALÞJÓÐASAMFÉLAGIÐ

... aðrir kostir munu leiða til einangrunar ...

Til að Ísland geti endurheimt stöðu sína sem öflugur þátttakandi í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi er nauðsynlegt að stjórnvöld leggi ríka áherslu á farsælt samstarf við erlenda aðila, fyrst og fremst með milligöngu og aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Sá vandi sem hefur myndast í efnahagsmálum þjóðarinnar verður aðeins leystur í samstarfi við alþjóðasamfélagið enda ljóst að aðrir kostir myndu leiða til efnahagslegrar einangrunar með tilheyrandi stöðnun og velferðartapi. Það var farsælt samstarf við alþjóðasamfélagið sem losaði íslensku þjóðina úr fjötrum fátæktar á sínum tíma og þetta sama samstarf mun koma þjóðinni á braut varanlegrar endurreisnar.

... gengið verði endanlega frá samningum um innstæðutryggingar ...

Sagan sýnir að samningar við alþjóðasamfélagið eru forsenda farsællar endurreisnar þjóða sem lent hafa í alvarlegum efnahagsáföllum. Í tilviki Íslands kallar þetta á að gengið verði endanlega frá samningum um innstæðutryggingar og samningum um greiðslur úr þrotabúum gömlu bankanna eftir því sem eignir duga til. Hér þarf að hafa sanngirni og samstarfsvilja að leiðarljósi til að tryggja sem víðtækasta sátt um niðurstöðu þessara mála. Aðeins þannig mun alþjóðasamfélagið viðurkenna Ísland sem trúverðugt og áreiðanlegt afl á vettvangi alþjóðlegra viðskipta í framtíðinni.

... kynna áætlunina með jákvæðari og skýrari hætti en gert hefur verið hingað til ...

SAMSTARF VIÐ AGS SKILAR ÁRANGRI

Á verkefnalista ríkisstjórnarinnar kemur fram að efnahagsstefnan muni byggja á fyrirliggjandi áætlun stjórnvalda og AGS. Lögð verði áhersla á frekari kynningu áætlunarinnar gagnvart almenningi og að framvinda mála verði rædd við fulltrúa sjóðsins. Nú þegar hafa allir stærstu stjórnmalaflokkar landsins stutt áætlunina með formlegum hætti og því ljóst að hún verður leiðarvísir efnahagsmálum landsins í nánustu framtíð. Með það í huga er skynsamlegt að stjórnvöld og stjórnvísingur sýni samstöðu í því að kynna áætlunina með jákvæðari og skýrari hætti en gert hefur verið hingað til. Þannig væri trúverðugleiki stjórnvalda og um leið íslensks hagkerfis eflur innanlands og utan.

... geri skilmerkilega grein fyrir því hver ávinningur þess að framfylgja efnahagsáætluninni er ...

... í grófum dráttum er talið að áætluninni miði vel áfram ...

... gætu skapast aðstæður til afnáms hafta innan skamms sem og til vaxtalækkunar ...

... grundvallaratriði að stjórnvöld haldi áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið í ríkisfjármálum ...

Í þessu sambandi er mikilvægt að ný ríkisstjórn leggi ríka áherslu á öfluga upplýsingamiðlun gagnvart almenningi og geri skilmerkilega grein fyrir því hver ávinningur þess að framfylgja efnahagsáætluninni er og hvaða fórnir nauðsynlegt er að færa til skamms tíma. Árangur áætlunarinnar og þeirra aðgerða sem ráðist verður í á grundvelli hennar mun meðal annars ráðast af því hvernig stjórnvöldum tekst að upplýsa atvinnulíf og almenning um vænt áhrif þeirra. Þá er mikilvægt að upplýsingagjöf gagnvart erlendum aðilum verði bætt, en hingað til hefur verið talsvert ósamræmi í miðlun upplýsinga af hálfu opinberra fulltrúa.

FRAMVINDA ÁÆTLUNARINNAR VIÐUNANDI

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn birti fyrir skömmu áfangaskýrslu um framvindu efnahagsáætlunarinnar. Skýrslan er unnin af sendinefnd á vegum sjóðsins og er því um óháða og faglega úttekt á endurreisnarstarfinu að ræða. Miðar skýrslan við framvindu mála frá upphafi samstarfsins fram að síðustu áramótum. Niðurstaðan er jákvæð, en í grófum dráttum er talið að áætluninni miði vel áfram og að upphafleg markmið hennar séu enn raunhæf. Þetta er jákvætt og bendir til þess að endurreisnarstarfið sé í ásættanlegum farvegi. Líta má á skýrsluna sem einskonar tímabundið gæðamat á stjórn efnahagsmála á Íslandi og sem slík mun hún efla trúverðugleika hagkerfisins á alþjóðavettvangi. Mikilvægt er að ný ríkisstjórn haldi áfram á markaðri braut og vinni af einurð til þess að frekari árangur náist.

Í áætluninni var lögð rík áhersla á að skapa ró á gjaldeyrismarkaði og telur AGS það hafa tekist vel hingað til. Til marks um það er að íslenska krónan hefur sveiflast lítið að verðgildi á undanförunum vikum og virðist vera í lítilsháttar styrkingarfasa um þessar mundir. Raunverulegur árangur kemur þó ekki ljós fyrir en við afnám gjaldeyrishafta, en samkvæmt skýrslunni gætu skapast aðstæður til þess innan skamms sem og til vaxtalækkunar. Þetta er sérstakt fagnaðarefni enda eru gjaldeyrishöft og hátt innlent vaxtastig meðal stærstu vandamála íslensks atvinnulífs um þessar mundir.

Þá er því fagnað í skýrslunni að fjárlög ársins 2009 skuli vera í góðu samræmi við áætlunina og að mótun stefnu í ríkisfjármálum til meðallangs tíma skuli vera hafin. Þrátt fyrir jákvæða framvindu í fjármálastefnu hins opinbera er ljóst að ekki er enn farið að reyna á samstarfsvilja stjórnvalda í þeim efnum. Gert er ráð fyrir verulegum niðurskurði í útgjöldum hins opinbera á næstu árum til að mæta gjörbreyttri fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Verkefnið krefst fórna, en engu að síður er ljóst að langtímahagsmunum þjóðarinnar er betur borgið með því að rétta þessa erfiðu stöðu af. Með það í huga er grundvallaratriði að stjórnvöld haldi áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið í ríkisfjármálum næstu ára.

Sjóðurinn telur endurskipulagningu bankakerfisins sömuleiðis vera á réttari braut, jafnvel þó nokkur töf hafi orðið á fjármögnun nýju bankanna vegna flókinna viðræðna við lánadrottna og endurskoðendur um mat á eignum. Töfin mun líklega seinka endurfjármögnun nýja bankakerfisins um einn til tvo mánuði, en stefnt er að því að þau mál verði höfn í lok mars eða byrjun apríl.

... óhætt að segja að samstarfið við AGS hafi gengið vel ...

Í heild er því óhætt að segja að samstarfið við AGS hafi gengið vel fyrstu mánuðina, einkum í ljósi þeirra metnaðarfullu markmiða um efnahagslegan stöðugleika sem upphaflega voru sett fram í efnahagsáætluninni. Íslenskt stjórnvöld og atvinnulíf ættu að fagna skýrslunni og líta á hana sem hvatningu, þar sem hún bendir til að landið sé í grófum dráttum á réttri braut í endurreisnarstarfinu. Engu að síður er mikilvægt að huga að því sem betur mætti fara og ljóst að einungis er um fyrstu skref af mörgum að ræða.

Viðfangsefni nýrrar ríkisstjórnar, á þeim skamma tíma sem hún hefur til stefnu, ætti að vera að halda áfram á markaðri braut hvað samstarfið við AGS varðar. Með því að vinna skipulega og ötullega eftir efnahagsáætlun sjóðsins mun hagkerfið ná jafnvægi og endurheimta alþjóðlegan trúverðugleika fyrir en ella.

INNSTÆÐUTRYGGINGAR OG ÞROTABÚ

Ísland mun ekki endurheimta aðgang að erlendum fjármálamörkuðum fyrir en gengið hefur verið frá samningum um innstæðutryggingar og málum erlendra kröfuhafa gömlu bankanna þannig að sem víðtækust sátt ríki um niðurstöðuna. Órói vegna þessara mála skapar nýju bönkunum mikla erfiðleika í samskiptum við erlendar lánastofnanir og hindrar þannig að þeir geti öðlast fullnægjandi traust á erlendum mörkuðum. Þannig er ljóst að nýja bankakerfið verður ekki fyllilega starfhæft fyrir en slíkir samningar eru í höfn. Forsenda fyrir sátt er að jafnræðis verði gætt milli kröfuhafa og að verðmæti eigna bankanna verði hámarkað við þau erfiðu skilyrði sem nú ríkja.

Reynsla annarra þjóða sem lent hafa í fjármálakreppu af því tagi sem nú ríkir á Íslandi er að aðgengi að alþjóðlegum fjármálamörkuðum verður ekki öruggt fyrir en búið er að gera upp við erlenda aðila sem eiga hlut að máli. Í alþjóðavæddum heimi þýðir þetta að Ísland mun ekki geta stundað eðlileg utanríkisviðskipti fyrir en sátt hefur skapast við umheiminn. Stjórnvöld þurfa því að nýta sér reynslu annarra ríkja og búa þannig um hnútana að alþjóðasamfélagið treysti sér til að eiga viðskipti við Ísland og íslensk fyrirtæki í framtíðinni. Velferð þjóðarinnar er hér að veði.

AÐ BORGA EÐA EKKI AÐ BORGA

Meginþorra þeirra erlendu skulda sem bíða enn úrlausnar í kjölfar bankahrunsins má skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða skuldbindingar vegna innstæðutrygginga á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og hins vegar skuldir bankanna við erlenda kröfuhafa. Þeirri skoðun hefur verið lýst að Ísland eigi ekki að standa við skuldbindingar sínar gagnvart erlendum hagsmunaaðilum. Rökin eru þau að fjárhæðirnar sem um ræðir séu of háar og auk þess þyki ekki sanngjarnt að leggja þessa skuldabyrði á almenning í landinu. Þetta eru skiljanleg sjónarmið, en nánari athugun leiðir í ljós að það er heppilegra að greiða úr málinu í sátt og samlyndi við þá erlendu aðila sem eiga hlut að máli.

... það er heppilegra að greiða úr málinu í sátt og samlyndi ...

... kostnaður sem myndi ekki síst leggjast á komandi kynslóðir ...

Ljóst er að ákvörðun um að virða erlendar skuldbindingar að vettugi myndi hafa verulega neikvæð áhrif á stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu. Afleiðingar yrðu í formi vantrausts og tortryggni og myndu setja endurreisnarstarfið í mikið uppnám. Að borga ekki þýðir að íslenska ríkinu og íslenskum fyrirtækjum munu bjóðast lakari kjör í viðskiptum við umheiminn í framtíðinni, jafnvel varanlega. Það felur í sér beinan kostnað síðar meir, meðal annars í formi takmarkaðs aðgangs að alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum, hærri vaxta á vettvangi alþjóðlegrar fjármögnunar og skerts aðgengis að afurðamörkuðum. Þetta er kostnaður sem myndi ekki síst leggjast á komandi kynslóðir.

Auk þess er gert ráð fyrir því í samstarfsáætlun ríkisins og AGS að Ísland standi við skuldbindingar vegna innstæðutrygginga og ljúki samningum við erlenda kröfuhafa gömlu bankanna. Því er ljóst að ákvörðun um að standa ekki við þessar skuldbindingar myndi setja samstarfið við sjóðinn í mikið uppnám. Þar með væri lánveiting sjóðsins ekki lengur trygg sem og þeirra landa sem eru í samfloti með sjóðnum í lánveitingum til Íslands. Efnahagsáætlun sjóðsins yrði þar með marklaust plagg og samstarfið við sjóðinn, sem hingað til hefur gefið góða raun, yrði að engu, með tilheyrandi afleiðingum á framþróun og trúverðugleika endurreisnarstarfsins.

... Íslendingar munu borga reikninginn fyrir eða síðar, með einum hætti eða öðrum ...

Af þessu má vera ljóst að málið snýst ekki um að borga eða ekki að borga. Íslendingar munu borga reikninginn fyrir eða síðar, með einum hætti eða öðrum. Valið stendur um að semja um skuldinar í fullri sátt við alþjóðasamfélagið og alla aðila sem eiga hlut að máli, eða virða kröfur þeirra að vettugi og borga síðar í formi vantrausts, viðskiptalegrar eingangrunar og tortryggni. Ekki þarf að hugleiða valkostina lengi til að sjá að fyrri leiðin er illskárr.

OPIÐ HAGKERFI ER LEIÐIN ÚT

Af umfjölluninni hér að ofan er ljóst að gott samstarf við alþjóðasamfélagið er forsenda þess að endurreisn íslenska hagkerfisins gangi farsælega fyrir sig. Ný ríkisstjórn verður því að halda áfram á markaðri braut og leggja þunga áherslu á að framfylgja efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Samhliða er mikilvægt að ljúka samningum við erlenda kröfuhafa um innstæðutryggingar og uppgjörum þrotabúa gömlu bankanna á þann hátt að allir aðilar gangi sæmilega sáttir frá samningsborðum. Með því móti mun Ísland endurheima traust sitt og trúverðugleika út á við fyrir en seinna, þjóðinni allri til hagsbóta.

... mun koma sér vel síðar ef tekin verður ákvörðun um að ganga til aðildarviðræðna ...

Þá mun gott samstarf við alþjóðasamfélagið nú einnig styrkja tengsl Íslands við Evrópusambandið, sem mun koma sér vel síðar ef tekin verður ákvörðun um að ganga til aðildarviðræðna. Eins og áður hefur komið fram er ljóst að aðild að ESB fylgja raunverulegir efnahagslegir kostir og því er það miður að umræðan um þetta mikilvæga mál skuli skyndilega hafa lagst í dvala með nýrri ríkisstjórn. Hér er um að ræða stórt hagsmunamál fyrir atvinnulífið í heild og því brýnt að þessi mál verði leidd til lykta sem fyrst.

Opnun hagkerfisins og alþjóðavæðing viðskiptalífsins er það sem hefur komið komið Íslandi í hóp ríkustu þjóða heims á síðustu tveimur áratugum.

... Það var farsælt samstarf við alþjóðasamfélagið sem losaði Íslensku þjóðina úr fjötrum fátæktar ...

Það væru mikil mistök að snúa af þessari braut og taka þess í stað upp einangrunarstefnu í þeirri trú að slíkt gæti forðað okkur undan efnahagslegum áföllum á borð við þau sem landið glímir nú við. Það var farsælt samstarf við alþjóðasamfélagið sem losaði Íslensku þjóðina úr fjötrum fátæktar á sínum tíma og þetta sama samstarf mun koma þjóðinni á braut varanlegrar endurreisnar.

Nánari upplýsingar veita Frosti Ólafsson aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, Davíð Steinn Davíðsson hagfræðingur Viðskiptaráðs og Haraldur I. Birgisson lögfræðingur Viðskiptaráðs í síma 510-7100.